

Friðabréfið sent til félagskonnum  
Hótel Vík 13. des. 1981  
Korningaundirb.

Ágætu félagar:

Tíminn líður og líður og það styttest í kosningarnar sem verða 23. maí í vor. Mikið starf er framundan og það má enginn liggja á liði sínu, sem á annað borð getur lagt einhverja vinnu af mörkum (þó ekki sé nema orð við konuna í næsta húsi).

Á fundi að Hallveigarstöðum 25. nóv. voru kosnar þrjár nefndir: frankvæðanefnd, fjáröflunarnefnd og kynningarnefnd, auk þess sem aðrir skráðu sig í starfshópa um málaflökka borgarinnar. Á þessum fundi var frankvæðanefndinni falið að undirbúa stofnfund samtaka sem standa munu að kvennaframboði í vor.

Það skal viðurkennt að það hefur verið höfuðverkur fyrir frankvæðanefndina að koma hópunum í gang, þar sem við höfum hvorki húsnaði né síma. Það kom nefnilega í ljós að langflestar vildu fara í hóp um hugmyndafræði. En í þann mund sem málið var að leysast og byrjað var að hringja hópana út eftir listunum flaug myndarleg gæs í fang okkar, sem sagt hótel Vík. Gæsin var auðvitað gripin og öll orka sett í að koma húsinu í stand. Þar hefur verið málað, smíðaða og þrifið af krafti, en gaman hefði verið að sjá fleiri að störfum, því þetta er sko gaman og fátt skapar betri kynni og samstöðu en sameiginlegt starf. Enn er verk að vinna og það má enginn láta vera að kynnast þessum stórkostlegu húsakynnum sem eru að verða sannkallað kvennahús. Unnið verður alla daga eftir kl. 4.

Frankvæðanefndin hélt opinn fund að Hallveigarstöðum 9. des. og verða fundir nefndarinnar eftirleiðis á miðvikudagskvöldum kl. 8.30. Að Hallveigarstöðum mætti dágóður fjöldi, en fundurinn var ekki hringdur út sérstaklega og við höfum enn ekki efni á að auglýsa í blöðum. Við bendum fólki á að líta í gluggann á Hótelinu og skoða auglýsingar sem þar verða eða að líta inn. Aftur að Hallveigarstöðum. Þar var samþykkt skipulagsáætlun fyrir næstu vikur. Hóparnir verða allir kallaðir saman, þeir verða beðnir að ræða almennt um hugmyndafræði (þ.e. hvers vegna kvennaframboð, á hvaða grundvelli skal unnið, hvað eiga konur sameiginlegt o.s.frv.), þeir eiga að skila álitum stuttu og lagðu 13. jan. og fá sér til halds og trausts plagg sem "sumarhópurinn" samdi og drög að stefnuskrá Akureyrarkvenna. Etti það að léttu verulega undir.

Fjáröflunarhópurinn er stórhuga og hefur þegar staðið fyrir sölu á heitum jóladrykk og piparkökum utan við Vík, með góðum árangri. Verður því haldið áfram. Fleira er á döfinni, m.a.

hefur verið rætt um að biðja alla stuðningsmenn framboðsins að leggja fram lágmark 50 kr. á mánuði (helst 100) til reksturs skrifstofu, síma og starfsmanns eftir áramót.

Eftir áramót er hópar hafa lagt fram sitt mál verður haldin ráðstefna einn dag, 9. jan. um grundvöll framboðsins og eftir hana verður nefnd að samræma stefnuna. Þá er röðin loks komin að því að setja fram stefnu í málefnum borgarinnar, en þess má geta að fyrirhugað er að efna til funda um borgarmálin, til fræðslu og til að spara vinnu. Það svífa margar hugmyndir í loftinu um það hvða kvennaframboðið vill gera í borgarstjórn. Stefnuskráin verður að vera tilbúin í jan.- feb.

Af því sem hét hefur verið tíundað má sjá að það er mikið verk að vinna, en sameinaðar veltum við steininum. Tíminn er naumur og þegar stefnuskrárvinnum verður loks lokið er röðin komin að því máli sem vekur forvitni flestra: hverjar eiga að skipa listann. Hvernig finnst ykkur að eigi að standa að uppsetningu hans? Hvað á barnið að heita þegar það fæðist (þ.e. samtökin)? Hvernig getum við gert kosningabaráttuna frumlega og skammtilega? Veltið því fyrir ykkur og komið til starfa eða umræðna í Hótel Vík.

Með jólakveðjum

Frankvæmdanefnd

Frankvæmdanefnd:

Áslaug Ragnars s. 11320  
Helga Thorberg s. 10097  
Kristín Ástgeirsdóttir s. 83897  
Kristín Jónsdóttir s. 78189  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir s. 16397  
Sigrún Sigurðardóttir s. 17714  
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir s. 38967

Fjáröflunarnefnd:

Ásta Kr. Ragnarsdóttir 12427  
Anna Einarsdóttir s. 12925  
Edda Björgvinsdóttir s. 23255  
Eygló Stefánsdóttir s. 30647  
Guðrún Erla Geirsdóttir s. 19246  
Guðrún Hilmisdóttir s. 24163  
Hlín Agnarsdóttir s. 27684  
Steinunn Hafstað s. 17699

Kynninganefnd:

Ásta R. Jóhannesdóttir s. 76263  
Elísabet Guðbjörnsdóttir s. 20278  
Guðrún Ólafsdóttir s. 26269  
Magdalena Schram s. 12154  
Sólrun Gísladóttir s. 17646